

eða stjórn – leggja sitt af mörkum í umræðunni. Á aðalfundi má líka hitta vini, rifja upp sumarferðirnar, segja frá folaldinu sem fæddist í vor eða ... Hestamennskan er endalaus uppspretta.

„Lífið er dásamlegt“ – Siggí Ævarss

## AUGLÝSUM EFTIR FÉLAGSLYNDU FÓLKI TIL STARFA Í NEFNDUM SÖRLA

Samkvæmt lögum félagsins starfa níu nefndir á hverju starfsári. Eðlilegt er að einhver endurnýjun verði í nefndum á aðalfundi og mikilvægt er að þeir sem veljast til starfa hafi áhuga fyrir verkefnum svo félagið sé virkt. Stjórnin kallar eftir áhugasömum félagsmönnum til starfa og að þeir gefi sig fram með því að senda tölvupóst á [sorli@sorli.is](mailto:sorli@sorli.is) eða hringja í Magnús starfsmann félagsins, í síma 897 2919.

## SUMARFERÐ SÖRLA UM BORGARFJÖRÐ

Sumarferð Sörla um Borgarfjörð tókst mjög vel. Dagleiðirnar voru bæði fjölbreyttar og fallegar, veðrið gott og aðstaðan með ágætum. Ferðin gekk stórslysalaust þó svo að óvenju margir fengu að faðma fösturjörðina í þessari ferð. Allt fór þó eins og best var á kosið, gleðin var við völd og hestarnir sýndu hvað í þeim bjó. Fararstjóri ferðarinnar var Þorvaldur Jónsson, bóndi að Innri-Skeljabrekku og skilaði hann starfi sínu með sóma. Ferðafélagarnir voru allir sælir og glaðir í ferðalok. Ferðanefndin þakkar fyrir samfylgdina í sumar. Myndakvöld var haldið 10. október s.l. en þá komu ferðafélagarnir saman og rifjuðu upp. Ferðasagan hefur verið birt á vefnum samkvæmt hefð.

## WORLDFENG ÁSKRIFT FYRIR SKULDLAUSA FÉLAGSMENN SÖRLA

Nú eiga skuldlausir félagsmenn Sörla kost á að endurnýja frian aðgang að Worldfeng. Þeir sem hafa áhuga á að stofna eða endurnýja aðgang að Worldfeng verða að senda tölvupóst á [vefstjori@sorli.is](mailto:vefstjori@sorli.is) með kennitölu, nafni og tölvupóstfangi félagsmanns. Nánari upplýsingar er að finna með því að smella á merki WorldFengs á heimasíðunni [www.sorli.is](http://www.sorli.is)

## SÖRLI SÆKIR UM FLÝTIMEÐFERÐ TIL FRAMKVÆMDA

Stjórn félagsins hefur látið vinna teikningar af stækkun félagsaðstöðunnar á Sörlastöðum og hefur óskað eftir að fá flýtimeðferð hjá Hfb. til þessara framkvæmda. Flýtimerðferð þýðir að félagið fjármagnar framkvæmdina sjálf með lántöku fram að því að fjárveitingar fást til verksins frá Hfb. Stjórnin leggur á það mikla áherslu að ná þessu máli í höfn enda mun það gjörbylta aðstöðunni á Sörlastöðum, sem er löngu sprungin. Einnig er unnið að því að fara í framkvæmdir við breikkun og lýsingu á Skógarhringnum sem frestað var vegna hrunsins fyrir réttu ári. Þegar þetta er ritað eru hvorugt þessara mála í höfn en góðar vonir til að af þessu geti orðið.

SÖRLI fréttabréf október 2008 – Útgefið af Hestamannafélaginu Sörla  
pósthólf 65 Hafnarfirði | sími 565 2919 | gsm 897 2919 | fax 555 4530 | [www.sorli.is](http://www.sorli.is) | [sorli@sorli.is](mailto:sorli@sorli.is)  
Ábyrgðarmaður: Björn Bjarnason | sími 565 0462 | [bjorn@fedgar.is](mailto:bjorn@fedgar.is)  
Ritstjóri: Margrét Friðriksdóttir | sími 861 6021 | [vefstjori@sorli.is](mailto:vefstjori@sorli.is)



# FRÉTTABRÉF SÖRLA

október 2009

## 65. AÐALFUNDUR SÖRLA VERÐUR HALDINN Á SÖRLASTÖÐUM FIMMTUDAGINN 29. OKTÓBER KL. 20.00



Horft til veðurs. Ljós. Valdimar Jónsson.

## SÖRLI HELDUR ÍSLANDSMÓT 2010

Á síðasta landsþingi LH sem haldið var fyrir réttu ári óskaði Hestamannafélagið Sörla eftir að halda Íslandsmót fulloröðinna sem og barna. Umsókn Sörla var vel tekið og fékk Sörla umboð þingsins til þess að halda Íslandsmót fulloröðinna 2010 og Íslandsmót barna 2013, voru þingfulltrúar Sörla ánægðir með þessa úthlutun. Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar í nóvember 2008 var strax farið að huga að Íslandsmóti, stjórnin skipaði nokkra aðila í byrjun árs til að hefja vinnu að undirbúningi. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan og er undibúningsvinnan nú í fullum gangi þegar 9 mánuðir eru til stefnu, en mótið verður haldið dagana 22.–25. júlí.

Þær framkvæmdir sem farið verður í nú á haustmánuðum er að taka litlu dómhúsin burt og búa þar bílaplan fyrir dómara, einnig á að tengja vellina saman við miðja skammhlið þeirra. Litli hringvöllurinn verður upphitunarvöllur, þannig sköpum við flæði frá fóta-

skoðun sem verður staðsett við austur endann. Þaðan verður riðið inn á upphitunarvöll og svo beint inn á aðalvöllinn þar sem keppnin fer fram og þaðan út af til vesturs. Sumarið 2008 hóf stjórn ásamt Vallanefnd og öðru góðu Sörlafólki að laga keppnisvelli félagsins. Hringvöllurinn var þrengdur og hvítar plastgirðingar settar á hluta en fyrirhugað er að ljúka uppsetningu girðinganna fyrir Íslandsmót. Stjórn Sörla hefur unnið að áætlanagerð um hvernig hún vill sjá keppnisvæði okkar Sörlamanna innan fárra ára. Stefna á að því að svæðið verði með því besta sem þekktist.

Fyrir Íslandsmót er að mörgu að hyggja, en það er ásetningur okkar sem vinnum að þessu, að mótið verði hið glæsilegasta og okkur Sörlafólki til sóma. Að því sögðu er mikilvægt að við sameinumst og hjálpumst að við framkvæmdina, með því eflum við félagsandann sem hér ríkir. Í árferði eins og nú ríkir, er áriðandi að félagsandinn sé kraftmikill og samhugur í mönnum. Það er mikilvægara en nokkru sinni að standa saman sem heild og hafa gaman af. Kæru Sörlafélagar, það er okkar von að í hönd fari skemmtilegt og viðburðaríkt starfsár hjá okkur Sörlafélögum.

*Magnús Sigurjónsson*

### DAGSKRÁ AÐALFUNDAR

- ◆ Kosning fundarstjóra og fundarritara
- ◆ Formaður leggur fram og skýrir skýrslu stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári
- ◆ Gjaldkeri leggur fram og skýrir reikninga félagsins
- ◆ Umræður og atkvæðagreiðslur
- ◆ Formenn nefnda leggja fram og skýra skýrslur um starf viðkomandi nefnda á liðnu ári
- ◆ Kosning formanns
- ◆ Kosning fjögurra manna í stjórn og tveggja til vara
- ◆ Kosning tveggja endurskoðenda og eins til vara
- ◆ Kosið í nefndir og skal kjósa formenn sérstaklega
- ◆ Tillaga lögð fram til samþykktar um árgjald næsta árs
- ◆ Önnur mál sem félagið varðar

Lagðar verða fram breytingar á lögum félagsins. Lagabreytingarnar liggja frammi á skrifstofu félagsins og eru einnig kynntar á [www.sorli.is](http://www.sorli.is)  
Veittar verða viðurkenningar og nefndabikarinn eftirsótti afhentur nýrri nefnd, sem skarað hefur framúr á liðnu starfsári.

### Veitingar í fundarhléi

Stjórnin hvetur Sörlafélaga til að mæta vel og stundvíslega og taka þátt í umræðum.  
Nánari upplýsingar verða birtar á vefnum [www.sorli.is](http://www.sorli.is)

### SKEIÐARINN – DÁSAMLEGT LÍF MEÐ ÍSLENSKA HESTINUM

Hugsíð ykkur hvað við erum ótrúlega heppin við hestafólk, að fá að umgangast og halda hesta. Það eru algjör forréttindi að lifa með þessari dásamlegu og stórbrotnu skepnu sem hefur barist með okkur frá upphafi Íslandsbyggðar og gerir enn. Hesturinn er og á að vera sameiningartákn okkar hestamanna sem og Íslendinga allra.

Íslenska þjóðin er í raun hestaþjóð. Það má með sannri segja að um það bil 10% þjóðarinnar sé tengd hestamennsku. Á landinu eru u.þ.b. 70.000 hross og erlendis eru talin vera 200.000 íslensk hross. Nánast jafn mörg og Íslendingar allir. Félagar í hestamannafélögum landsins eru tæp 12.000 og í FEIF alþjóðasambandi Íslandshestamennskunnar eru nær 65.000 manns í beinni félagsaðild og fróðir menn segja að megi margfalda þá tölu með 2,5. Þessi félög eru í 19 löndum í þrem heimsálfum. Hesturinn er okkar besta landkynning, í raun óumdeildur sendiherra þjóðarinnar, tákn um hreinleika, trygð, heilbrigði, úthald, ganglipurð og hreysti. Þá eru ótalin þau gildi sem kannski mestu máli skipta okkur hestafólk í hestamannafélögum í landinu, þ.e. gildi íþróttastarfs, barna-, unglinga og ungmenna, forvarnargildi ástundunar, samvera fjölskyldunnar allrar og vinanna í hestamennskunni. Hestamennskan er sérstök á margan hátt sem dæmi er algjört jafnrétti kynja í þessu sporti og aldursdreifing þeirra sem stunda íþróttina, hvort sem er til keppni eða sem almenningsíþrótt sér til ánægju og heilsubótar er ótrúleg. Menn stunda hestamennsku nánast frá vöggu til grafar sem er einstakt í íþróttum. Þessu eigum við hestamenn að hampa sem víðast og kynna okkar góðu íþrótt, sem er fyrir alla menn á öllum aldri.

Keppni í hestaíþróttum, hvort sem er í gæðinga- eða íþróttakeppni, er mjög augljós fyrir okkur hestamenn. Reglur eru gegnsæjar, heiðarlegar, og skýrar. En svo er ekki fyrir aðra, almenningur á oft erfitt með að skilja reglurnar og áttar sig illa á hvað um er að vera og er þá ekki verið að tala um tilfinningahlið hestamennskunnar sem keppnisíþrótt heldur eingöngu keppnina sem líka. Það er á okkar ábyrgð að upplýsa, fá umfjöllun fjölmiðla, kynna börnum og byrjendum innihald íþróttarinnar og hvetja til þátttöku. Skilningur á tilfinningunum og þessum ómetanlegu tengslum við hestinn kemur að sjálfu sér. Nú er í sýningu bíómynd sem heitir „Kraftur síðasti spretturinn“, afar falleg og yndisleg mynd um tengslin milli knapa og hests. Þetta dásamlega samband manns og hests sem nær út fyrir keppnisvelli og mælistukur á gæði og árangur – skilyrðislaus ást og væntumþykja. Þetta nána samband er eitt af mörgu sem gerir hestamennskuna svo frábæra og einstaka.

Nú er að byrja nýtt ár í hestamennskunni með nýjum vonum og væntingum, enn eitt landsmótsárið og einnig Íslandsmótsár. Íslandsmótið í hestaíþróttum fullorðinna verður haldið af okkur Sörlafólki, eins og segir á öðrum stað í þessu fréttabréfi. Undirbúningur er farinn vel af stað og háleit markmið eru sett með mótahaldið. Til að vel takist til verðum við, sem allra flest, að vera með í störfunum og láta að okkur kveða. Taka þátt og hjálpast að við að gera þetta Íslandsmót það veglegasta sem haldið hefur verið. Félagið okkar Sörla er mjög vel í stakk búið til að gera það, því það er samtakamáttur og kraftur í Sörlafólki.

Aðalfundur er á næsta leyti. Þar er vettvangur félaganna til umræðna og til að koma fram með hugmyndir að betra starfi, bæta það sem verið er að gera, „skamma“ okkur sem erum í forsvari fyrir félagið. nú eða „þakka“. Það má bjóða sig fram til starfa í nefndum